

Læknadagar í ár voru vel heppnaðir og mæting með því besta hingað til. Læknablaðið fór á stúfana og smelli nokkrum myndum af þátttakendum. Við opnun Læknadaga stýrði Bogi Ágústsson spjalli Steinunnar Þórðardóttur formanns Læknafélags Íslands og frú Höllu Tómasdóttur forseta Íslands um stöðu mála í heilbrigðiskerfinu og almenna líðan fólks, sérstaklega barna og aldraðra.



Steinunn Þórðardóttir, frú Halla Tómasdóttir forseti Íslands og Bogi Ágústsson. Mynd/Sigríður Björnsdóttir

Heimislæknar vöktu athygli á vottorðafargani lækna



Frá vinstri: Gunnar Þór Geirsson formaður Félags íslenskra heimislækna, Jón Torfi Halldórsson, Guðbjörg Vignisdóttir og Þórunn Anna Karlsdóttir. Mynd HÁS

Heimislæknar hafa til lengri tíma vakið athygli á þeirri ótrúlegu vinnu sem læknar eyða í gerð ýmissa vottorða. Tími sem oft væri betur nýttur í að sinna skjólstæðingum heilbrigðisþjónustunnar á annan hátt. Vel er þekkt að löng bið er eftir tíma hjá heimislæknum á flestum heilsugæslustöðvum og mikilvægt að finna lausnir til að minnka vinnu lækna við annað en að sinna sínum skjólstæðingum á sem bestan og faglegastan hátt. Á Læknadögum stóðu

heimislæknar fyrir skemmtilegri uppákomu til að vekja athygli á mál-efninu. Á bás þeirra í Hörpu mátti nálgast hin ýmsu vottorð. Hér má sjá tvö vottorð undirrituð af formanni Félags íslenskra heimislækna, sem eyddi dýrmætum tíma sínum í að votta málefni sem undirstrikuðu vottorðafárið í vinnu hans sem og allra lækna og já, það má í alvöru finna titilinn: **Vottorðavottorð**, í sjúkrarskrárkerfinu Sögu sem víðast er notað í heilbrigðisþjónustunni.

Vottorðavottorð

Hér með vottast allt milli himins og jarðar.

Virðingarfyllt.

Makavottorð

Ef rís upp ágreiningur milli hjóna/sambúðarfólks. Þá vottast það hér með að handhafi þessa vottorðs hefur á réttu að standa.

Virðingarfyllt.



Agnes Smáradóttir, Rafn Hilmarrson, Helgi Hafsteinn Helgason og Valgerður Rúnarsdóttir.



Myndir/HÁS

Á Læknadögum er nauðsynlegt að taka pásu til þess að ræða mál-in. Það gerðu einmitt þeir Börkur Aðalsteinsson, Óttar Guðmundsson og Sigurður Guðmundsson.



Dagur Friðrik Kristjánsson, Harpa Rún Ingólfsdóttir, Helga Líf Kára-dóttir, Sunna Kristín Hannesdóttir og Jónas Aðalsteinsson.



Frá vinstri: Þóra Óskarsdóttir, Heiðrún Ósk Reynisdóttir og Selma Rún Bjarnadóttir.



Mæðginin Margrét Gunnlaugs-dóttir verkefnastjóri Læknadaga og Andri Ólafsson samskiptastjóri Landspítala. Anna Margrét Guðmundsdóttir heimilislæknir á milli þeirra.

Halldór Kolbeinsson, Engilbert Sigurðsson og Tómas Zoëga.



Þau Jón Steinar Björnsson og Guðrún Aspelund gáfu sér tíma til að fá sér kaffi-sopa á milli fyrirlestra.



Frá vinstri eru Berglind Bergmann sérnámslæknir, Sigríður Björnsdóttir innkirtlalæknir, Katrín Þórarinsdóttir formaður Fræðslustofnunar og Margrét Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri Læknadaga. Þær fengu þakkir fyrir vel unnin störf við skipulagningu Læknadaga. Mynd/OBÞ

Glíman var vel heppnuð í ár og upp-skar mikinn hlátur fundargesta. Fremst frá vinstri: Líðið Hafþór og stelpurnar: Hafþór Ingi Ragnarsson, Elín Metta Jenssen og Erna Milunka Kojic og líðið Telma og strákarinn: Emil Ólason, Þorsteinn Markússon og Telma Huld Ragnarsdóttir. Fyrir aftan frá vinstri: Alexander Gabriel Guðfinnsson og Arna Björt Bragadóttir sem skipuðu dómnefnd og Marta Ólafsdóttir spyrrill.





Viðurkenningu fyrir besta sjúkratilfellið 2025 hlutu Hjalti Már Björnsson og Aaron Palomares sem veita hér viðurkenningarskjali viðtöku. Mynd/OBP



Helga Eyjólfsdóttir tekur við viðurkenningu fyrir bestu vísindagrein ársins 2025 frá Helgu Ágústu Sigurjónsdóttur, ritstjóra Læknablaðsins. Mynd/OBP

■■■ Helga Ágústa Sigurjónsdóttir

Besta vísindagreinin og besta sjúkratilfellið 2025

Við hátíðlega lokaathöfn á lokadegi Læknadaga 23. janúar 2026 voru veittar viðurkenningar fyrir bestu vísindagreinina og besta sjúkratilfellið birt í *Læknablaðinu* árið 2025, 111. árgangi blaðsins. Þetta var gert fyrst á 110 ára afmælistíð þingi blaðsins sem haldið var á Læknadögum 2025, svo þetta var í annað sinn sem það er gert og verður haldið áfram.

Ritstjórn fékk til liðs við sig Karl Andersen prófessor, formann Vísindaráðs Landspítala til að velja bestu vísindagreinina. Margar greinar komu til greina en val á bestu vísindagreininni var samhljóða. Greinin uppfyllir öll skilyrði góðrar vísindagreinar. Rannsóknarspurningin er skýr og rannsóknin, sem var yfirgrípsmikil, bætir mikilvægri þekkingu við það fræðiefni sem fjallað var um og fyrir íslenskt heilbrigðisferfi. Rannsóknin var unnin af þverfaglegum hóp úr efni frá Minnismótöku Landspítala.

Markmið rannsóknarinnar var að skoða áhættu einstaklinga með væga vitræna skerðingu á að vera með sjúkdóm sem leiðir til heilabilunar.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að tæpur helmingur einstaklinga með væga vitræna skerðingu greinist með heilabilun innan tveggja ára og því þurfi að taka umkvörtun um breytingar á minni eða annarri færni mjög alvarlega, jafnvel þótt einfalt skimunarpróf gefi eðlilega niðurstöðu.

Vísindagreinin ber titilinn: „Væg vitræn skerðing – forstígg heilabilunar eða eðlileg öldrun?“

Helga Eyjólfsdóttir öldrunarlæknir tók við viðurkenningunni fyrir hönd rannsóknarhópsins sem var:

Helga Eyjólfsdóttir læknir, Þorkell Elí Guðmundsson læknir, Unnur Diljá Teitsdóttir doktorsnemi, Pétur Henry Petersen prófessor, Kristinn Johnsen eðlisfræðingur, Magnús Jóhannsson, sálfræðingur, Ólöf Birna Ólafsdóttir, dósent, Sveinn Hákon Harðarson, dósent, Einar Stefáns-son læknir, Margrét Sturludóttir læknir, Ísak Örn Ívarsson klínískur rannsakandi, María K. Jónsdóttir sálfræðingur og Jón Snædal, læknir.

Fyrir val á besta sjúkratilfellinu fékk ritstjórn til liðs við sig Sigurð Guð-

mundsson prófessor emeritus. Mörg sjúkratilfelli bárust blaðinu árið 2025 og komu mörg þeirra til greina. Sjúkratilfellið sem fékk viðurkenninguna er áhugavert og lýsir bráðri atburðarrás sem brugðist var fagmannlega við. Einstakt við sjúkratilfellið er einnig hvernig meðferðin, sem átti sér stað eftir greiningu á sjúkrahúsi utan höfuðborgarsvæðisins, í sjúkrabíl á leið á Landspítala, var vel undirbúin og faglega leyst til bjargar lífi sjúklingsins. Viðbrögð hlutaðeigandi í þessu bráða tilfelli voru án efa lífsbjargandi. Sjúkratilfellið er vel skrifað og lærdómsríkt.

Sjúkratilfellið ber titilinn: „Bráð lokun öndunarvegna utan sjúkrahúss vegna blæðingar í aftankoksbil“.

Aaron Palomares sérnámslæknir í bráðalækningum og Hjalti Már Björnsson yfirlæknir á Bráðamóttöku Landspítala rituðu sjúkratilfellið og tóku við viðurkenningu *Læknablaðsins*.

Læknablaðið óskar öllum höfundum til hamingju með viðurkenninguna.

■■■ Helga Ágústa Sigurjónsdóttir

Vísindastarfsemi á Íslandi

Yfirlit yfir doktorsritgerðir við Læknadeild HÍ 2024-5

Málþing Læknadeildar á Læknadögum 2026



Nýdoktorarnir svöruðu spurningum frá áhugasömum úr sal. Frá vinstri talið eru Hrönn Harðardóttir, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Lára Ósk Eggertsdóttir Claessen, Arnar Snær Ágústsson, Steindór Oddur Ellertsson, Inga Lára Ingoarsdóttir, Martin Ingi Sigurðsson (fyrir hönd Maríu Sigurðardóttur) og Hans Tómas Björnsson (fyrir hönd Salvarar Rafnsdóttur).



Frá vinstri: Hrönn Harðardóttir, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Lára Ósk Eggertsdóttir Claessen og Hildur Jónsdóttir kennslustjóri lyflækninga.



Frá vinstri: Arnar Snær Ágústsson með heiðursvísindamanni málþingsins, Vilmundi Guðnasyni, Sigurdísi Haraldsdóttur og Sædís Sævarsdóttur forseta Læknadeildar sem stýrði málþinginu.

Á málþingi læknadeildar Háskóla Íslands sem Sædís Sævarsdóttir forseti læknadeildar stýrði, hélt hópur lækna sem vörðu doktorsritgerðir sínar við skólann á árunum 2024-2025 erindi um rannsóknarverkefni sín. Hópurinn var fjölbreyttur með efni frá ýmsum fögum læknisfræðinnar.

Fundargestir voru áhugasamir um vísindin og vörpuðu fram góðum spurningum, sem skapaði góðar umræður. Forseti læknadeildar fékk síðan nýdoktorana til að svara spurningum um skoðanir þeirra um hvað mætti betur fara til að tryggja áframhaldandi og vaxandi vísindastarfsemi lækna. Flestir læknanna gerðu vísindarannsóknir sínar samhliða sérnámi í læknisfræði og var þeim ofarlega í huga að skapa þyrfti meiri tíma til rannsóknanna, tryggja frekara vísindafé og meta vísindanámið til sérnámsins eins og gert er víðast erlendis. Tveir nýdoktorar voru erlendis og fluttu leiðbeinendur þeirra erindi fyrir þeirra hönd.

Heiðursvísindamaður málþingsins var Vilmundur Guðnason, prófessor emeritus, forstjóri Hjartaverndar. Hann flutti skemmtilegt og áhugavert erindi um hvað varð til þess að hann gerðist vísindamaður og stiklaði síðan á stóru um rannsóknir sínar sem birtar hafa verið í þýðingarmiklum, ritrýndum erlendum tímaritum, sem og *Læknablaðinu*.

Niðurstöður eftirfarandi doktorsritgerða voru flutt:

- Heilsuefning fyrir liðskiptaaðgerð: Áhrif á skurðsýkingar og heilsufar. Samvinna sjúkrahúss og heilsugæslu: Martin Ingi Sigurðsson fyrir hönd Maríu Sigurðardóttur nýdoktors
- Áhrif blóðþýnningar- og bólgueyðandi lyfja á horfur einstaklinga með ristil- og endaparmskrabbamein: Lýðgrunduð rannsókn: Arnar Snær Ágústsson
- Þáttur streituviðbragða við greiningu lungnakrabbameins í þróun sjúkdómsins: Hrönn Harðardóttir

- Hjarta- og lungnadælar: Ábendingar og snemm- og síðbúinn árangur: Inga Lára Ingoarsdóttir
- Lýðgrunduð rannsókn á frumkomnu aldósterónheilkenni á Íslandi: Frá greiningu til mótefnalitunar og erfðarannsóknar: Hrafnhildur Gunnarsdóttir
- Áhrif utangenaerfða á kælisvar spendýrafrumna: Hans Tómas Björnsson fyrir hönd Salvarar Rafnsdóttur
- Afleiðing heilahristings hjá íþrótta-konum – möguleg vanstarfsemi í heiladingli og áhrif á andlega líðan og taugasálfræðilega virkni: Lára Ósk Eggertsdóttir Claessen
- Notkun gervigreindar til greiningar og forspár fyrir horfur sjúklinga í heilsugæslu: Steindór Oddur Ellertsson.